

hygð á jörðunni. Gerum hana að fagnaðarhátíð í þeim skilningi. Með því að komast sjálfir sem næst hugsjóninni í breytninni verður hátiðarhaldið þýðingarmest og bezt fyrir oss.

### GLEÐILEG JÓL!

## IMMANUEL KANT

Útdráttur úr fyrilestri, sem fluttur var á Menningarfélagsfundin  
Október, 1909, af Guðm. Árnasyni.

### *Framhald*

Þessi sundurliðun hugsananna í hugmyndaflokka er til þess að sanna hin meðfæddu lög skynseminnar, sem maðurinn verður að hugsa samkvæmt. En nú eru allir hugmyndaflokkarnir sameinaðir í eina heild í skynseminni. Það sem sameiningu þessari veldur er sjálfsmieðvitund eða *ég* hvers einstaklings. Í raun og veru er það sem hver maður kallar sitt *ég* ekkert annað en skynsemi hans í heild sinni. En ef nú öll þessi lög, sem skynsemin verður að starfa samkvæmt til þess að geta eignast þekkingu, sem ekki er sífeldum breytingum undirorpin, eru hvergi til nema í skynseminni, þá er auðsætt að það er skynsemin, sem að hálfu leyti skapar heiminn. Heimurinn eins og vér þekkjum hann er heimurinn eins og skynsemin skynjar hann, og hann er undir hennar lögum. Það eina sem vér, þess vegna, getum vitað um heiminn er það að hann er skynseminnar heimur; hlutirnir fyrir utan oss eru það sem skynsemin gerir úr þeim, þeir eru fyrirburðir (Phenomena) en hvað þeir eru í sjálfu sér, nefnilega veruleikini í þeim ósteypjur í móti skynseminnar, getum vér ekki vitað, en eitthvað eru þeir samt sem áður, vegna þess, að skynsemin hlýtur að fá efni sitt utan að, það býr hún ekki til sjálf. — Hlutirnir sjálfir, heimurinn eins og hann er áður en mannleg skynseini býr til úr honum sinn heim, það sem Kant kallað: "das Ding an sich" er hið óþekta og óskynjanlega (Noumena).